

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2268/95****frá 27. september 1995****varðandi aðra skrá yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna <sup>(1)</sup>, einkum 8. og 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð (EBE) nr. 793/93 er lagt til að komið verði á fót kerfi um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna og til að unnt sé að gera áhættumat á slíkum efnum er rétt að nafngreina efni sem hafa forgang og þarf að athuga sérstaklega.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93 ber framkvæmdastjórninni að setja saman skrá yfir efni sem hafa forgang. Í 8. gr. eru enn fremur taldir upp þeir þættir sem taka ber tillit til við gerð áður nefndrar skrár.

Í 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93 er kveðið á um að eitt aðildarríki verði gert ábyrgt fyrir mati á hverju efni í skránum yfir efni sem hafa forgang og skal séð til þess að verkefni deilist réttlátlega á aðildarríkin.

Fyrsta skráin yfir efni sem hafa forgang var samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1179/94 <sup>(2)</sup>.

Ákvæði þessarar reglugerðar eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnuð samkvæmt 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.****Skrá yfir efni sem hafa forgang**

- Önnur skráin yfir efni sem hafa forgang er hér með samþykkt og sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- Fyrir hvert efni í skránni yfir efni sem hafa forgang er hér með tilnefnt aðildarríkið sem er gert ábyrgt fyrir mati þess og það tilgreint í viðaukanum við þessa reglugerð.

**2. gr.**Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. september 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Ritt BJERREGAARD**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 231, 28. 9. 1995, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 84, 5. 4. 1993, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 131, 26. 5. 1994, bls. 3.

## VIÐAUKI

EINECS nr.	CAS nr.	Heiti efnis	Aðildarríki
201-963-1	90-04-0	o-anisidín	A
200-746-9	71-23-8	própan-1-ól	D
202-411-2	95-33-0	N-sýklóhexýlbensóþíasól-2-súlfenamíð	D
202-905-8	100-97-0	metenamín	D
203-804-1	110-80-5	2-etoxyétanól	D
203-839-2	111-15-9	2-etoxyétýl asetat	D
204-118-5	115-96-8	tris(2-klóretýl)fosfat	D
246-690-9	25167-70-8	2,4,4-þrímetýlpenten	D
263-125-1	61790-33-8	amín, tólgaralkýl	D
203-625-9	108-88-3	tólúen	DK
204-428-0	120-82-1	1,2,4-þríklórbensen	DK
200-663-8	67-66-3	klóróform	F
247-977-1	26761-40-0	dí-,ísódekýl“-ftalat	F
249-079-5	28553-12-0	dí-,ísónónýl“-ftalat	F
271-090-9	68515-48-0	1,2-bensendíkarboxýlsýra, tví- C <sub>8-10</sub> -greinóttir alkýlesterar, C <sub>9</sub> -ríkir	F
271-091-4	68515-49-1	1,2-bensendíkarboxýlsýra, tví- C <sub>9-11</sub> -greinóttir alkýlesterar, C <sub>10</sub> -ríkir	F
231-765-0	7722-84-1	vetnisperoxíð	FIN
200-871-9	75-45-6	klóródíflúormetan	I
231-668-3	7681-52-9	natríumhýpóklóríð	I
203-692-4	109-66-0	pentan	N
201-058-1	77-78-1	dímetylklórsúlfat	NL
202-627-7	98-01-1	2-fúraldehýð	NL
204-661-8	123-91-1	1,4-díoxan	NL
209-151-9	557-05-1	sinkdísterat	NL
215-222-5	1314-13-2	sinkoxíð	NL
231-175-3	7440-66-6	sink	NL
231-592-0	7646-85-7	sinkklóríð	NL
231-793-3	7733-02-0	sinksúlfat	NL
231-944-3	7779-90-0	trísinkbis(ortófosfat)	NL
204-211-0	117-81-7	bis(2-etylhexýl)-ftalat	S
247-148-4	25637-99-4	hexabrómsýklódódekan	S
200-879-2	75-56-9	metýloxíran	UK
201-800-4	88-12-0	1-vínýl-2-pýrrolídón	UK
246-672-0	25154-52-3	nónýlfenól	UK
251-084-2	32534-81-9	dífenýleter, pentabróm-afleiða	UK
284-325-5	84852-15-3	fenól, 4-nónýl-, greinóttur	UK